

Þá ber og að dæma aðalstefndu til greiðslu málskostnaðar, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1735.00. Stefnandi gerði kröfu um greiðslu vaxta af málskostnaðarfjárhæðinni frá birtingardegi dóms til greiðsludags, en hefur síðan fallið frá þeirri kröfu.

Ekki þykja efni standa til að dæma varastefnda málskostnað í máli þessu.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

#### Dómsorð:

Stefndu, Efnalaug Hafnarfjarðar h. f. og Emanúel Morthens, greiði annar fyrir báða og báðir fyrir annan stefnanda, Jóni Guðmundssyni, kr. 16.025.00 með 7% ársvöxtum frá 16. desember 1954 til greiðsludags, kr. 116.00 í afsagnarkostnað, kr. kr. 40.40 í stimpilkostnað, 1/3% fjárhæðarinnar í þóknun og kr. 1735.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Mánudaginn 11. febrúar 1957.

Nr. 4/1956. **Magnús Thorlacius** (sjálfur)

gegn

**Bengtú Andersen** (Ólafur Þorgrímsson hrl).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Krafa niður fallin vegna tómlætis.

#### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. janúar 1956. Hann krefst sýknu og málskostnaðar af stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Stefndi fékk hinn 12. febrúar 1951 í hendur reikning áfrýjanda, þar sem glögg er greint, hverja þóknun áfrýjandi hafði reiknað sér fyrir málflutningsstörf, sem lýst er í héraðsdómi. Jafnframt veitti stefndi viðtöku og kvittaði fyrir

innstæðufé sínu samkvæmt reikningnum. Hinn 20. marz 1953 ritaði stjórn Lögmannafélags Íslands áfrýjanda og tilkynnti honum, að stefndi hefði krafizt úrskurðar félagsstjórnarinnar um greinda málflutningsþóknun. Er ekki sannað, að áfrýjandi hafi fyrr fengið vitneskju um, að stefndi vildi eigi una reikningsskilum hans. Að svo vöxnu máli þykir stefndi eigi geta haft uppi kröfu um frekari greiðslu úr hendi áfrýjanda. Verður áfrýjandi því sýknaður, en eftir atvikum er rétt, að hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### Dómsorð:

Áfrýjandi, Magnús Thorlacius, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Bengtu Andersens, í máli þessu.

Hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. október 1955.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 7. þ. m., hefur Franz A. Andersen, löggiltur endurskoðandi, Nesvegi 65 hér í bæ, f. h. systur sinnar, Bengtu K. Andersens, höfðað fyrir bæjarþinginu, að undangenginni árangurslausri sáttatilaun, með stefnu, útgefinni 7. september 1954, gegn Magnúsi Thorlacius hæstaréttarlögmanni, Ásvallagötu 7 hér í bæ, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 2000.00 með 6% ársvöxtum frá 18. janúar 1951 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt þess, aðallega að máli þessu verði vísað frá dómi, en til vara sýknu af öllum kröfum stefnanda. Hver sem úrslit málsins verða, krefst stefndi málskostnaðar að mati dómars.

Hinn 29. nóvember 1954 fór fram munnlegur málflutningur um frávísunarkröfu stefnda, og með dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 20. desember s. á., var frávísunarkröfunni hrundið.

Málavextir eru þessir:

Á árinu 1948 tók stefndi að sér flutning skaðabótamáls fyrir stefnanda. Var mál þetta höfðað til greiðslu dánarbóta o. fl. vegna andláts Sigurðar Guðlaugssonar, manns hennar. Var dómi bæjarþings Reykjavíkur í máli þessu áfrýjað til Hæstaréttar, og urðu

úrslit málsins þar þau, að stefnanda voru dæmdar kr. 40.000.00 með 6% ársvöxtum frá 3. febrúar 1948 til greiðsludags og kr. 6000.00 í málskostnað fyrir báðum dómum. Stefndi veitti fjárhæðum þessum viðtöku, er þær voru greiddar, en er gert var upp, reiknaði hann sér kr. 10.000.00 í málflutningslaun auk útlagðs kostnaðar, kr. 2770.20.

Franz A. Andersen, er höfðað hefur mál þetta f. h. systur sinnar, Bengtu, hefur skýrt svo frá, að svo hafi verið um talað milli hans og stefnda, að stefndi miðaði málflutningslaun sín við þá bótafjárhæð, sem endanlega fengist greidd. Hafi Bengtu því fundizt þóknun sú, er stefndi reiknaði sér, of há og því falið sér að fá úr því atriði skorið. Með bréfi, dags. 18. marz 1953, sneri Franz sér síðan til stjórnar Lögmannafélags Íslands og beiddist úrskurðar hennar um hæfilega þóknun til stefnda fyrir flutning greinds máls í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krafðist hann og sundurliðunar og fylgiskjala fyrir hinum útlagða kostnaði. Stjórn L.M.F.Í. taldi sig bresta heimild til að skylda stefnda til að sýna sundurliðun og fylgiskjöl fyrir hinum útlagða kostnaði, en úrskurðaði hins vegar, að hæfileg þóknun honum til handa fyrir flutning umrædds máls fyrir báðum dómum væri kr. 8000.00. Stefndi vildi eigi una úrskurði þessum og kærði hann til Hæstaréttar, en með dómi, uppkveðnum 23. júní 1953, var kærumálinu vísað frá Hæstarétti, þar eð greind úrlausn stjórnar Lögmannafélags Íslands „verður einungis skoðuð sem álitserð, en ekki úrskurður samkvæmt 8. gr. laga nr. 61/1942, er kærður verði til Hæstaréttar.“

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á álitserð þessari, og er stefnufjárhæðin mismunur þeirrar fjárhæðar, er stjórn Lögmannafélags Íslands taldi hæfileg málflutningslaun stefnda til handa, og fjárhæðar þeirrar, er hann reiknaði sér í þóknun.

Stefndi hefur í greinargerð sinni að mestu vísað í framlögð skjöl varðandi málsástæður þær, er hann reisir sýknukröfu sína á. Bendir hann á, að stefnandi hafi með fyrirvaralausri kvittun hinn 12. febrúar 1951, er uppgjör fór fram þeirra í milli út af áðurnefndu skaðabótamáli, fallizt á málflutningslaun þau, er hann reiknaði sér. Hafi síðan eigi verið á það minnzt við hann, hvorki af stefnanda né Franz A. Andersen, að hún væri óánægð með þessi málalok í skiptum þeirra. Hann hafi eigi orðið þess áskynja fyrr en rúmum tveimur árum síðar, er honum barst bréf stjórnar L.M.F.Í. um, að stefnandi hefði borið undir úrskurð stjórnarinnar, hver málflutningslaun honum hafi verið rétt að áskilja sér. Í þessu sambandi hefur stefndi eindregið mót-

mælt því, að hann hafi á það fallizt, er hann tók að sér flutning umrædds máls, að málflutningslaun hans yrðu lægri en raun varð á, svo og að það hafi nokkurn tíma komið til tals milli hans annars vegar og stefnanda eða Franz A. Andersens hins vegar.

Virðist stefndi reisa sýknukröfu sína á eftirfarandi: 1) Málflutningslaun þau, er hann reiknaði sér, séu hæfileg. 2) Yrði svo eigi talið, hefði stefnandi með fyrirvaralausri kvittun, er þau gerðu upp skipti sín út af umræddu máli 12. febrúar 1951 (dskj. 15), firrt sig öllum rétti til að bera fyrir sig síðar, að málflutningsþóknun sú, er stefndi áskildi sér, væri of há. 3) Þótt talið yrði, að hún hefði átt rétt til endurgreiðslu að einhverju leyti, hefði hún allt að einu fyrirgert þeim rétti með aðgerðaleysi.

Um 1. Gegn eindregnum andmælum stefnda hefur stefnanda eigi tekizt að sanna þá staðhæfingu, að svo hafi verið um talað, er stefndi tókst á hendur flutning umrædds máls, að málflutningslaun hans skyldu miðast við fjárhæð þá, er endanlega fengist viðurkennd, né heldur að þetta hafi borizt í tal síðar. Hins vegar verður á það fallizt með stefnanda, þegar virt er saga umrædds máls, allt frá því er það var höfðað til þess, er dómur í því gengur í Hæstarétti 22. des. 1950, sbr. dómasafn Hæstaréttar, XXI. bindi, bls. 477, að málflutningsþóknun sú, er stefndi reiknaði sér, hafi verið of há, miðað við núgildandi gjaldskrá L.M.F.Í. Verður þessi sýknuástæða því eigi tekin til greina.

Um 2 og 3. Enda þótt stefnandi hafi fyrirvaralaust kvittað á uppgjör það, er stefndi lagði fyrir hana til samþykkis, er umrætt mál hafði verið til lykta leitt, verður eigi talið, að hún hafi með því firrt sig rétti til að bera fyrir sig síðar, að málflutningslaun þau, er stefndi reiknaði sér, væru of há, enda mátti hún, sem er ólöglerð og lítt vön viðskiptum, treysta því, að stefndi, sem var trúnaðarmaður hennar, myndi gæta hagsmuna hennar í hvívetna og eigi áskilja sér hærri þóknun en sanngjarnt varð talið. Með skírskotun til þessara raka verður heldur eigi á þá málsvörn stefnda fallizt, að stefnandi hafi með aðgerðaleysi firrt sig þessum rétti, enda þótt allangur tími, eða eitt ár og rúmír níu mánuðir, hafi liðið frá því stefnandi gaf umrædda kvittun, til þess er sannanlega var hafizt handa af hennar hálfu um leiðréttingu í bréfi til gjaldskrárnefndar Lögmannafélags Íslands, dags. 26. nóv. 1952. Þessari málaleitan stefnanda vísaði gjaldskrárnefndin frá sér, og sneri stefnandi sér þá til stjórnar Lögmannafélags Íslands, sem taldi, að hæfileg málflutningslaun til stefnda væru kr. 8000.00, eins og fyrr segir.

Að öllu þessu athuguðu, sem að framan er greint, þykir stefn-

andi eiga rétt á endurgreiðslu úr hendi stefnda. Með hliðsjón af álitum stjórnar Lögmannafélags Íslands og öllum atvikum málsins telst málflytningubókun stefnda hæfilega ákveðin kr. 8000.00.

Samkvæmt þessu verða kröfur stefnanda teknar til greina að öðru leyti en því, að vextir reiknast frá birtingardegi sáttakæru, 3. sept. 1954, og rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn, en uppsaga hans hefur dregið nokkuð vegna anna dómans.

#### Dómsorð:

Stefndi, Magnús Thorlacius, greiði stefnanda, Bengtu K. Andersen, kr. 2000.00 með 6% ársvöxtum frá 3. september 1954 til greiðsludags innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 13. febrúar 1957.

Nr. 54/1955. **Haukur Pétursson**

(Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

**Bifreiðastöðinni Stefni s/f**

(Ragnar Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómáttar Hæstaréttar.

Um ábyrgð farmflytjanda.

#### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. apríl 1955 og krafist þess, að honum verði dæmt sýkna og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafist staðfestingar á héraðsdómi og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.